

Fjölradða baráttusaga

Ritstjóri: **Olga Guðrún Árnadóttir**

Bókarheiti: **Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá.**

Gagnrýnandi: **Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir**, aðjúntkt í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Útgáfa: **Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK), Reykjavík 2011, 453 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bókin er skyldueign... þeirra sem enn eiga eftir að öðlast vitund og nýtt líf sem svo margar rauðsokkur öðluðust með þrotlausri vinnu, áræðni, kjarki, húnur og einstökum baráttuvilja.“

Sögu Rauðsokkahreyfingarinnar (1970-1982) hefur lengi verið beðið og með mikilli eftirvæntingu. Afraksturinn er mjög í anda hreyfingarinnar, rauðsokkar og rauðsokkur (ólíkir höfundar tala ýmist um hreyfinguna í karl- eða kvenkyni) segja söguna á sinn hátt: Fjölradðaða og hver með eigin laglínu þó stefin séu mörg þau sömu, t.d. fóstureyðingarlöggjöfin, Forvitin rauð (útvarpsþættir og blaðaútgáfa), ráðstefnur, fundir með félagasamtökum karla, Ráðstefnan á Skógum, Kvennafrídagurinn 1975 o.fl.. Hér er reynsla og sjónarmið þeirra sem þátt tóku í forgrunni og sögð er saga hreyfingarinnar frá 1970-1975. Fjölradðaða baráttukórinn mynda: (Auður) Hildur Hákonardóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Guðrún Friðgeirsdóttir, Björg Einarsdóttir og Vilborg Sigurðardóttir sem einnig ritar inngangskafli. Eftirmála ritar Dagný Kristjánsdóttir, í honum viku hún einnig að eigin rauðsokkusögu. Ritstjórn er í höndum Olgu Guðrúnar Árnadóttur. Milli radda er ljóðrödd Vilborgar Dagbjartsdóttur rauðsokku. Sagan er því ekki einungis margrödduð heldur einnig lagskipt og brotin upp með áhrifamiklum ljóðum Vilborgar: „Sumir karlmenn eru svo frábitnir öllu kvenlegu að þeir sjá ekki einu sinni móður sína fyrir fjallskugga föðurins“ (úr ljóðinu „Furða“, bls. 289). Fjöldi mynda, svart hvítar og í lit, frá barnæsku höfunda og baráttu rauðsokka prýða bókina. Myndir eru fléttaðar við frásögnina og í sumum tilfellum eru myndir á heilum opnum. Myndirnar bæta enn annarri vídd í frásögnina. Sagan er vel uppbyggð, lesandinn upplifir stigmögnun í frásögnum kvennanna, hver rauðsokka bætir enn öðru mikilvægu lagi í hinn sameiginlega baráttusjóð.

Sú sem hér ritar var ein af stofnendum Femínistafélags Íslands árið 2003 og stóð í ræðustól í rauðum stígvélum – fótлага- á undirbúningsstofnfundi félagsins meðvitund um að verið væri að fara í spor þeirra sem á undan hafa gengið. Femíníski sagnfræðingurinn Karen Offen segir stöðuga framþróun ekki sjálfgefna þegar kemur að réttindum og samfélagslegri stöðu kvenna. Þess vegna sé mikilvægt að kortleggja það sem við getum

lært af formæðrum okkar og baráttu þeirra. Afleiðingar þess að skrá ekki söguna sé skortur á sameiginlegum minningum sem á sinn þátt í undirskipun kvenna í gegnum söguna. Sagan er því mikilvægur hluti andstöðu við ríkjandi skipulag og breytingar. Ekkert er nýtt undir sólinni og eins og Offen bendir á, þá eru þrástef í gegnum söguna, t.d. átök milli sósíalista og femínista.¹ Rauðsokkur víkja að þessum átökum hver með sínum hætti.

Frásagnir rauðsokkanna eru áhrifaríkar og hreinskilnar og margar lýsa á einstaklega eftirminnilegan hátt uppvexti sínum og áhrifum hans á það sem síðar varð. Hér minnst ég sérstaklega frásagna Helgu Ólafsdóttur, Eddu Óskarsdóttur, Rannveigar Jónsdóttur, Lilju Ólafsdóttur og Guðrúnar Ágústsdóttur. Guðrún Friðgeirsdóttir lýsir á einstaklega fallegan hátt áhrifunum sem hin nýja kvennahreyfing, sem hún kynntist fyrst í Danmörku hafði á líf hennar sem áður hafði litast af „ofbeldi, ófrelsi og fjárhagslegum vandræðum“ og hún bætir við: „Hinú fyrri lífi mínu var lokið.“ (Bls. 328-329). Eins kallaði lýsing hennar á Kvænnafrídeginum 1975 (bls. 341) fram gæsa húð og tár. Þótt frásögn Guðrúnar sé hér sérstaklega rifjuð upp þá er ekki hægt að gera upp á milli frásagna. Ef ein rödd er tekin úr „kórölum“ (chorales) Bachs heyrum við ekki tónverkið eins og því var ætlað að hljóma, það sama á við hér.

Varðandi efnistökin bókarinnar væri til bóta að hafa tímalínu til þess að styðjast við þar sem fram kæmu hápunktar sögunnar, þ.e. þau atriði sem rauðsokkur eru sammála um að hafi skipt miklu máli fyrir hreyfinguna, t.d. Ráðstefna um kjör láglaunakvenna 1975 og hverjir komu að þeim (samstarfsaðilar, ræðumenn o.s.frv. líkt og Rannveig Jónsdóttir tilgreinir á bls. 218). Eins væri mjög gott að í bókinni væri atriðaskrá. Sú sem hér ritar sér fyrir sér að gott væri að skoða ákveðna atburði með augum hvernar og einnar, t.d. hina afdrifaríku Ráðstefnu á Skógum árið 1974 í samfellu, að geta flett frá konu til konu. Bókin væri einnig aðgengilegri ef nöfn rauðsokka væru tilgreind við hvern kafla í ofanmálgrein (*header*). Fræðilegt gildi bókarinnar mundi einnig aukast ef heimilda væri getið í inngangskafla Vilborgar Sigurðardóttur þar sem hún að eigin sögn „gef[ur] örstutt yfirlit yfir þróun kvenréttindabaráttu á Íslandi“ (bls. 11) á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Yfirlit Vilborgar er hnitmiðað og tilvalið að nota það til kennslu á háskólastigi ef heimilda væri getið. Heimilda er getið í öðrum köflum sögunnar en ekki kemur fram hver ritar kynningu á Vilborgu Dagbjartsdóttur (bls. 23), það er miður. Enn á eftir að skrifa söguna frá 1976-1982 þegar hreyfingin var lögð niður. Dagný Kristjánsdóttir ýjar að þeim hluta í eftirmála sínum. Sú saga þarf einnig að heyrast fjölradda og vonandi kemur hún út sem fyrst.

Bókin er skyldueign allra andlegra samkynhneigðra kvenna, sannra karla (sbr. slagorð Sigga pönk „Sannir karlmenn eru femínistar“) sem eru sér meðvituð um þrástef sögunnar og vilja læra af þeim sem á undan hafa gengið, og þeirra sem enn eiga eftir að öðlast vitund og nýtt líf eins og svo margar rauðsokkur öðluðust með þrotlausri vinnu, áræðni, kjarki, húmor og einstökum baráttuvilja. Afrakstursins njótum við enn og megi saga þeirra berast sem víðast í sínu fjölraddaða formi.

Aftanmálgrein

¹ Offen, Karen. (2000). *European Feminisms 1700-1950. A Political History*. Stanford, Stanford University Press.